

GJALDSKRÁ OG REGLUR FYRIR GEYMSLUSVÆÐI Í LANGANESBYGGÐ

1.gr

Leigutakar skulu eiga lögheimili í Langanesbyggð.

2.gr

Sótt skal um leigupláss á þar til gerðum eyðublöðum Fram komi nafn, heimilisfang og kennitala umsækjanda. Tilgreina skal áætlaðan leigutíma og tegund geymslu. Umsóknarblað skal undirritað af umsækjanda. Umsóknum ber að skila á skrifstofu Langanesbyggðar og verða þær afgreiddar i þeirri röð sem þær berast. Við úthlutun geymslusvæðis skal leigutaki undirrita leigusamning. Leigutaka er óheimilt að endurleigja plássið til annarra.

3.gr

Leigutaki skal leggja fram með staðgreiðslu kr. 10.500 tryggingu lykils af svæðinu. Tryggingin endurgreiðist við skil á lykli við lok leigutíma.

4.gr

Gagnkvæmur uppsagnafræstur er 3 mánuðir m.v. 1. Hvers mánaðar.

5.gr

Leigugjald er innheimt fyrirfram. Verði áætlaður leigutími styttri en samningur hljóðar upp á skal endurgreiða leigutaka hlutfallslega m.t.t. eftirstöðva leigutíma, enda hafi leigutaki greitt leigugjaldið. Leigutími getur þó aldrdrei verið styttri en einn mánuður.

6.gr

Leiga á geymslusvæði m/vsk. er kr. 149 per.m² á mánuði. Gjaldið fylgir vísitölu neysluverðs og er miðað við grunnvistölu í september 2016 sem er 438,5 stig og reiknast í janúar og júlí ár hvert.

Stærðir leigureita skulu að jafnaði vera eftirfarandi:

3 * 4 metrar eða 12 fermetrar

3 * 8 metrar eða 24 fermetrar

3 * 12 metrar eða 36 fermetrar

20 feta gámur

40 feta gámur

Hægt er að leigja fleiri en einn reit samtímis.

7.gr

Hlutir sem geymdir eru á svæðinu mega ekki innihalda mengandi efni sem hætta er á að berist um svæðið og umhverfi þess. Leigutaki þarf að ganga þannig frá hlutunum að ekki stafi slysa- eða fokhætta af þeim.

8.gr

Ekki er aðgangur að vatni né farmagni á geymslusvæðinu.

9.gr

Leigutaki ber einn ábyrgð á þeim munum sem hann geymir á svæðinu. Gámar á geymslusvæði skulu vera snyrtilegir og málaðir.

10.gr

Leigutaka er skyld að ganga vel og snyrtilega um svæðið. Leigutaki skal gæta þess a valda ekki öðrum leigutökum ónæði eða óþægindum t.d. með því að hefta aðgengi að svæðinu þeirra. Leigutaki skal

loka og læsa hliði geymslusvæði við brottför. Óheimilit er að geyma hluti ofna á gámum sem eru í geymslu.

11.gr

Skrifstofa Langanesbyggðar sér um innheimtu allra gjalda skv. gjaldskrá þessari. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum reiknast dráttarvextir af gjaldfallinni fjárhæð skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingar nr. 38/2001.

12gr

Gjaldskrá þessi og reglur eru fyrir geymslusvæði Langanesbyggðar Stórholti og taka gildi frá undirritun. Leigufjárhæð og reglur þessar geta breyst í samræmi við ákvörðun sveitarstjórnar.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 15.desember 2016

Elías Pétursson sveitarstjóri